



187. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 23. júní 2011 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ólympíudagurinn

Forseti minnti á Ólympíudaginn, sem haldinn er hátíðlegur um allan heim í dag. Fjölbreytt dagskrá er í boði hjá íþróttafélögum og sambandsaðilum ÍSÍ vegna dagsins og í Laugardalnum verða ýmsar íþróttagreinar með kynningu á sinni starfsemi fram eftir kvöldi.

2. Ólympísk verkefni

Smáþjóðaleikar í Liechtenstein

Forseti sagði stuttlega frá Smáþjóðaleikunum en hann, gjaldkeri og framkvæmdastjóri sóttu leikana heim.

Örn Andrésson gaf einnig munnlega skýrslu frá leikunum varðandi framkvæmd og skipulag. Leikarnir fóru vel fram þó ýmsu hafi verið ábótavant varðandi samgöngur á milli hótela og keppnisstaða.

EYOF Trabzon

Helga H. Magnúsdóttir gaf skýrslu um stöðu mála varðandi verkefnið. Keppendur verða 22 en hópurinn telur í alls 30 manns.

3. Smáþjóðaleikar 2015

Forseti skýrði frá fundi framkvæmdastjórnar GSSE sem haldinn var í tengslum við leikana í Liechtenstein um síðustu mánaðamót. Þar var lögð fram tillaga Íslands um badminton og skylmingar sem valgreinar á Smáþjóðaleikunum sem verða haldnir hér á landi árið 2015. Tillagan fékk ekki góðan hljómgrunn hjá framkvæmdastjórninni og þarf því hugsanlega að skipta út annarri eða báðum þessum íþróttgreinum.

Málið verður aftur á dagskrá á fundi GSSE í Sochi í nóvember nk.

Forseta gefin heimild til að skipa skipulagsnefnd fyrir leikana 2015. Í nefndinni munu sitja, a.m.k. til að byrja með, allir embættismenn framkvæmdastjórnar ÍSÍ og framkvæmdastjóri en að auki verða kallaðir til fulltrúar frá ÍTR, ÍBR og mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Skipulagsnefndin mun skipa undirnefndir eins og þurfa þykir.

Framkvæmdastjóri lagði fram uppkast að yfirlitsmynd yfir undirnefndir skipulagsnefndar leikanna.

4. Starfsskýrslur – keppnisbann

Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ gaf skýrslu um stöðu starfsskýrsluskila. Ágætlega hefur gengið að innheimta skýrslur en 17 félög eru í vanskilum og hafa ekki sótt um viðbótarfrest til skila. Samþykkt að setja þessi 17 félög í keppnisbann frá og með morgundeginum.

Skrifstofu falið að tilkynna keppnisbannið til viðkomandi aðila.

5. Norrænt skólaverkefni

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá samnorrænu skólaverkefni um hreysti, sem hrint hefur verið af stað fyrir grunnskóla á Norðurlöndunum. Vefsíða heldur utan um verkefnið og einfalt er fyrir skólana að gerast þátttakendur í verkefninu. Verkefnið er tilraunaverkefni sem verður endurmetið að ári liðnu.

6. Heiðranir

Engar tillögur um heiðranir lágu fyrir fundinum.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 186. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs 18. maí 2011
- Almenningsíþróttasviðs frá 24. maí 2011
- Þróunar- og fræðslusviðs frá 8. júní 2011
- Verkefnasjóðs frá 18. maí 2011 og 23. júní 2011

Bókuð athugasemd frá framkvæmdastjórn um að styrkveiting til Hlyns Gissurarsonar dómara í taekwondo verði skilyrt með þeim hætti að haft verði samráð við Taekwondosamband Íslands um styrkveitinguna.

- Fjármálaráðs frá 23. júní 2011

Gjaldkeri fór yfir fundargerð Fjármálaráðs og óskaði eftir samþykkt á tölulíð 4 í fundargerðinni, en hann hljóðar svo:

Eignfærðir sjóðir um áramót

Á sínum tíma haldið utan um sérverkefni utan bókhalds ÍSÍ. Þessum verkefnum var lokað fyrir nokkrum árum en eftir stóðu þeir bankareikningar sem tilheyrðu þeim. Um síðustu áramót var ákveðið að eignfæra inneignir á bankareikningum inn í bókhald ÍSÍ. Ákveðið að leggja til við Framkvæmdastjórn ÍSÍ að inneignin, samtals 8 millj. kr., verði veitt í Verkefnasjóð ÍSÍ.

Verkefnasjóður hafi heimild til að úthluta þessum fjármunum til verkefna á næstu 3-4 árum.

Tillaga Fjármálaráðs samþykkt.

Lárus Blöndal óskaði eftir því að tekið væri fyrir minnisblað vegna lagaerinda sem borist hafa til Laganefndar ÍSÍ og þarfnast afgreiðslu á þessum fundi. Nýbúið er að endurskipa nefndina og ekki hefur gefist tími til að kalla hana saman þannig að hann sem formaður og starfsmaður nefndarinnar fóru yfir lög nokkurra aðila og leggja til við framkvæmdastjórn að staðfesta lög viðkomandi félaga. Eftirfarandi tekið fyrir:

- **Lög Knattspyrnufélagsins Hómer, sem sótt hefur um aðild að ÍBR.**

Búið er að lagfæra lög félagsins í takt við athugasemdir ÍSÍ. Lög félagsins staðfest.

- **Lög Hnefaleikafélags Akraness, sem sótt hefur um aðild að ÍA.**

Engar athugasemdir eru gerðar við lög félagsins og lög félagsins staðfest.

- **Lög Skautafélagsins Fálka, sem sótt hefur um aðild að UMSK**

Lítilsháttar athugasemdir eru gerðar við lögin. Lög félagsins staðfest með fyrirvara um lagfæringar.

- **Lög Rugbyfélagsins Storms, sem sótt hefur um aðild að UMSK**

Lítilsháttar athugasemdir eru gerðar við lögin. Lög félagsins staðfest.

- **Lög Kraftlyftingafélags Garðabæjar – Heiðrún, sem sótt hefur um aðild að UMSK**

Engar athugasemdir eru gerðar við lög félagsins og lagt til að framkvæmdastjórn samþykki þau.

- **Lög Kraftlyftingafélagsins Zetora, sem sótt hefur um aðild að UMSK.**

Búið er að lagfæra lög félagsins í takt við athugasemdir ÍSÍ. Lög félagsins staðfest.

- **Lög Sundfélags ÍBV**

Engar athugasemdir eru gerðar við lög félagsins og lög félagsins staðfest.

- **Lög Hjólreiðafélagsins Tinds**

Lítilsháttar athugasemdir eru gerðar við lögin. Lög félagsins staðfest með fyrirvara um lagfæringar.

8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Enginn fundur er fyrirhugaður í júlí. Samþykkt að fastsetja ekki dagsetningu á næsta fundi heldur hafa samráð í gegnum tölvupóst þegar líða tekur að ágústmánuði.

10. Önnur mál

Afrekssjóður ÍSÍ

Örn Andrésson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ skýrði frá því að fundað yrði í Afrekssjóði ÍSÍ á mánudaginn nk. Hann óskaði eftir heimild framkvæmdastjórnar til að fá að leita eftir staðfestingu stjórnar á styrkveitingum í gegnum tölvupóst þar sem óheppilegt yrði að bíða með afgreiðslu á mögulegum styrkveitingum úr sjóðnum þar til framkvæmdastjórn kæmi aftur saman eftir sumarfrí.

Heimild samþykkt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari